


Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði

19. október 2007

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi í lok ágúst um 22.000 og má út frá þeirri tölu áætla að um eða yfir **17.000** erlendir ríkisborgarar séu á íslenskum vinnumarkaði. Samantekt þeirra upplýsinga sem Vinnuálastofnun heldur utan um með skráningu atvinnuleyfa, starfsmannaleiga og starfsfólks frá nýju ríkjum ESB, auk upplýsinga frá Hagstofunni um útgefnar kennitölur til erlendra ríkisborgara á árinu benda til sömu niðurstöðu.

Míðað við um 180.000 manns á vinnumarkaði er hlutfall erlends starfsfólks yfir 9% af heildarfjölda á íslenskum vinnumarkaði, en var um 5,5% árið 2005.

Á meðfylgjandi mynd má sjá tölur um vinnuafl á Íslandi síðustu 7 ár og stækkandi hlut útlendinga í heildarföldanum síðustu ár.



Mynd 1. Heildarvinnuafl á Íslandi 2000-2007 og skipting í íslenska og erlenda ríkisborgara¹

¹ Byggt á árstölum Hagstofunnar um vinnuafl úr vinnumarkaðskönnunum. Vinnuaflstala fyrir 2007 er áætluð út frá niðurstöðum fyrstu þriggja ársfjórðunga. Tölur um fjölda erlendra ríkisborgara byggja á úrvinnslu Hagstofunnar úr staðgreiðsluskrá fyrir árin 2000-2005, en fyrir árin 2006 og 2007 er byggt á áætlun Vinnuálastofnunar.

Leyfisveitingar og skráningar hjá Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun hefur með höndum eftirlit með og leyfisveitingu til hluta þeirra sem til landsins koma, þ.e. þeirra sem þurfa atvinnuleyfi, þeirra sem koma á vegum starfsmannaleiga eða sem útsendir starfsmenn, og þeirra sem koma frá 8 nýjum ríkjum Evrópusambandsins.

Veitt atvinnuleyfi

Þeir atvinnurekendur sem vilja ráða til sín starfsfólk frá löndum utan hins evrópska efnahagssvæðis þurfa að sækja um ný tímabundin atvinnuleyfi fyrir þá til Vinnumálastofnunar. Í grunninn er atvinnuleyfi aðeins veitt ef ekki hefur fundist hæft starfsfólk í starfið innan evrópska efnahagssvæðisins. Helstu undantekningar þar á eru atvinnuleyfi til íþróttafélaga vegna íþróttamanna og þjálfara, atvinnuleyfi sem tengjast fjölskyldusameiningu, atvinnuleyfi til Rúmena og Búlgara ef þeir á annað borð uppfylla skilyrði um dvalarleyfi á landinu, eftir inngöngu þessara ríkja í Evrópusambandið, og atvinnuleyfi vegna stóriðjuframkvæmda.

Þar sem útlendingar sem þurfa atvinnuleyfi koma ekki til landsins fyrir en atvinnuleyfi hefur verið veitt, gefur skrá um veitt atvinnuleyfi nokkuð góða mynd af fjölda útlendinga sem komið hafa nýir inn á íslenskan vinnumarkað frá ríkjum utan hins evrópska efnahagssvæðis, með þeirri undantekningu þó að þeir sem giftast íslenskum ríkisborgurum fá sjálfkrafa óbundið atvinnuleyfi og koma ekki fram í tölum Vinnumálastofnunar.

Mjög hefur fækkað umsóknum um ný tímabundin atvinnuleyfi frá því opnað var fyrir frjálsa för vinnuafis frá Póllandi og öðrum nýjum ríkjum ESB hinn 1. maí 2006. Þannig hafa á tímabilinu janúar til september aðeins verið veitt samtals um **390** ný tímabundin atvinnuleyfi.

Skráning starfsmanna frá nýju ríkjum Evrópusambandsins

Atvinnurekendum sem ráða starfsfólk frá 8 nýju ríkjum Evrópusambandsins, þ.e. frá Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi, hafa frá 1. maí 2006 átt að skrá upplýsingar um starfsmennina hjá Vinnumálastofnun. Samtals hafa það sem af er árs 2007 verið skráðir um **5.050** einstaklingar með þessum hætti. Líkt og með þá sem fá atvinnuleyfi, þá liggja ekki fyrir upplýsingar um hve margir þessara einstaklinga eru farnir af vinnumarkaði og hugsanlegt er að einhverjir séu taldir með sem aldrei komu til landsins.

Skráningu hefur verið ábótavant og hefur Vinnumálastofnun undanfarnar vikur aukið mjög eftirfylgni með að skráningu sé sinnt og hefur skráningum því fjölgað mjög síðust mánuði. Þannig voru yfir 1.200 manns skráðir í september, hátt í 800 í ágúst en á bilinu 300-600 að jafnaði á mánuði þar á undan. Þó er ljóst að enn eru óskráðir nálægt **2.000** manns skv. upplýsingum Hagstofunnar um útgefnar kennitölur.

Starfsmannaleigur og útsendir starfsmenn

Í byrjun árs 2006 tóku gildi lög um starfsmannaleigur. Samkvæmt þeim er öllum starfsmannaleigum, íslenskum sem erlendum, skylt að skrá fyrirtækið og alla starfsmenn sem vinna á þess

vegum hér á landi hjá Vinnumálastofnun. Upplýsingar um fjölda erlendra starfsmanna á vegum starfsmannaleiga eiga því að vera tæmandi. Á árinu 2007 hafa samtals komið um **750** manns til landsins á vegum starfsmannaleiga en einhverjir þeirra eru þó ekki lengur á íslenskum vinnumarkaði. Lög um skráningu útsendra starfsmanna (lög um þjónustuviðskipti) tóku gildi í mars 2007. Ekki liggur fyrir fjöldi starfsmanna sem tilkynntur hefur verið með þeim hætti, en þar er aðeins um nokkra tugi að ræða.

Alls eru þetta því nálægt **6.200** manns sem Vinnumálastofnun hefur beinar upplýsingar um að hafi bæst við á íslenskan vinnumarkað frá ársbyrjun 2007 til loka september og skv. upplýsingum Hagstofunnar um 2.000 að auki sem enn eru óskráðir, eða samtals yfir **8.000** manns.

Tölulegar upplýsingar um erlent vinnuafli

Út frá upplýsingum um veitt atvinnuleyfi og skráningar starfsfólks frá nýju ríkjum ESB, skráningum starfsmannaleiga og loks upplýsingum Hagstofunnar um fólksflutninga til og frá landinu eftir ríkisfangi er í töflunni hér að neðan reynt að áætla fjölda starfsfólks innan einstakra atvinnugreina og er þá í grunninn byggt á nýjustu tölum frá Hagstofunni sem eru frá árslokum 2005.

Tafla 1. Áætlaður fjöldi erlendra starfsmanna í einstökum atvinnugreinum á íslenskum vinnumarkaði í lok september 2007 og breyting frá 2005

	Hagstofan árslok 2005	Áætluð staða 1. okt. mv. 17.000 erl. á vinnum.	Aukning innan einst. atvinnugr. frá 2005
Landbúnaður	270	460	70%
Fiskveiðar	240	370	54%
Fiskvinnsla	1.220	1.830	50%
Annar iðnaður	1.100	2.200	100%
Mannvirkjagerð	1.890	5.860	210%
Verslun og ýmis þjónusta	1.890	2.740	45%
Hótel- og veit./samg. flutn.	940	1.790	90%
Heilbr-/félagsþj. og menntun	1.460	1.750	20%
	9.010	17.000	

Þetta eru áætlaðar tölur, en útgáfa atvinnuleyfa og skráning starfsmanna hefur verið mest áberandi vegna fyrirtækja í byggingariðnaði og virðist sem fjölgun erlendra starfsmanna innan greinarinnar frá árslokum 2005 sé um eða yfir 200%, og að fjölgað hafi um nálega 4.000 erlenda starfsmenn í byggingariðnaði á þessu eina og hálfu ári. Þá má gera ráð fyrir að hafi fjölgað um yfir 1.000 erlenda starfsmenn í öðrum iðnaði (100%) og um tæplega 1.000 manns í verslun og ýmsum þjónustustörfum og annað eins í ferða- og flutningaþjónustu. Fjölgunin virðist minni í fiskvinnslu enda var þar hlutfallslega orðið hærra hlutfall útlendinga starfandi í árslok 2005 en í

öðrum atvinnugeinum. Í töflunni hér að neðan er fjöldi erlendra starfsmanna innan einstakra atvinnugreina borinn saman við heildarfjölda starfandi í atvinnugreininni og má sjá að hlutfallið virðist komið í 45% í fiskvinnslu og 40% í mannvirkjagerð í lok september 2007.

Hlutfallstölurnar eru þó heldur of háar þar sem ekki er miðað við vinnuafli í heild, heldur aðeins fjölda starfandi, munar þó ekki nema nálægt 1 prósentustigi í stöku tilvikum.

Tafla 2. Áætlaður fjöldi erlendra starfsmanna í einstökum atvinnugr. á íslenskum vinnu. og hvað erl. starfsmenn eru hátt hlutfall innan einstakra atvinnugr. í árslok 2005 og lok sept. 2007

	Heildarfj. starfandi 2006*	Erl. ríkisb. skv. Hagst.		Erl. ríkisb. skv. Vinnuálast.	
		árslok 2005	Hlutfall erl.	lok ág. 2007	Hlutfall erl.
Landbúnaður	6.400	270	4%	460	7%
Fiskveiðar	4.300	240	6%	370	9%
Fiskvinnsla	4.100	1.220	30%	1.830	45%
Annar iðnaður	17.600	1.100	6%	2.200	13%
Mannvirkjagerð	14.700	1.890	13%	5.860	40%
Verslun og ýmis þjónusta	57.300	1.890	3%	2.740	5%
Hótel- og veit./samg. flutn.	18.100	940	5%	1.790	10%
Heilbr-/félagsþj. og menntun	47.200	1.460	3%	1.750	4%
Alls	169.700	9.010	5%	17.000	10%

*Árstölur um fjölda starfandi 2006, skv. Hagstofu. Heildarfj. á vinnuarkaði (vinnuafli) er hærri tala þar atvinnulausir ekki meðtaldir í fjölda starfandi.

Loks er hér sýnt hvernig erlent vinnuafli skiptist á atvinnugreinar, annars vegar skv. tölum Hagstofunnar 2005, og svo skv. áætluðum tölum Vinnuálastofnunar í byrjun okt. 2007.

Tafla 3. Áætlaður fjöldi erlendra starfsmanna í einstökum atvinnugreinum á íslenskum vinnuarkaði og hlutfallsleg skipting milli atvinnugreina í árslok 2005 og lok september 2007

	Hagstofan		Áætluð staða 1. okt. mv. 17.000	
	árslok 2005	Hlutfall	erl. stm. á vinnu.	Hlutfall
Landbúnaður	270	3%	460	3%
Fiskveiðar	240	3%	370	2%
Fiskvinnsla	1.220	14%	1.830	11%
Annar iðnaður	1.100	12%	2.200	13%
Mannvirkjagerð	1.890	21%	5.860	34%
Verslun og ýmis þjónusta	1.890	21%	2.740	16%
Hótel- og veit./samg. flutn.	940	10%	1.790	11%
Heilbr-/félagsþj. og menntun	1.460	16%	1.750	10%
	9.010	100%	17.000	100%

Útreikningarnir hér á undan byggja að stórum hluta á upplýsingum um útgefin atvinnuleyfi og skráningar, þó aðrar upplýsingar s.s. um heildarfjölda þeirra sem flust hafa til landsins frá einstökum heimshlutum sé einnig tekin með í reikninginn. Í töflunum hér að neðan hefur

upplýsingum um útgefin ný atvinnuleyfi og skráningar frá nýju ríkjunum síðust ár verið steypt saman til að gefa þokkalega mynd af því erlenda vinnuafli sem komið hefur til landsins síðustu 3 ár frá ríkjum utan gamla EES. Upplýsingarnar eru greindar eftir atvinnugreinum, ríkisborgararétti og fleiri bakgrunnspáttum.

Tafla 4. Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar frá nýju ríkjunum, eftir atvinnugrein

	<u>Fjöldatölur</u>			<u>Hlutfallstölur</u>		
	jan.-sep.			jan.-sep.		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Iðnaður og landbúnaður	497	1.012	1.050	13%	15%	19%
Sjávarútv. og fiskvinnsla	497	790	578	13%	12%	11%
Byggingariðnaður	2.078	3.279	2.189	54%	48%	40%
Verslun og þjónusta	760	1.707	1.615	20%	25%	30%
Samtals	3.832	6.788	5.432	100%	100%	100%

Tafla 5. Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar frá nýju ríkjunum, eftir starfsstétt

	<u>Fjöldatölur</u>			<u>Hlutfallstölur</u>		
	jan.-sep.			jan.-sep.		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Sérfræði og skrifst.störf	226	249	185	6%	4%	3%
Gæslu- og þjónustust.	342	352	271	9%	5%	5%
Iðnaðarmenn	614	1.403	639	16%	21%	12%
Iðnverkf., véla-/vélgæslu	857	1.667	1.333	22%	25%	25%
Verkfólk	1.834	3.129	2.997	47%	46%	55%
Samtals	3.873	6.800	5.425	100%	100%	100%

Tafla 6. Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar frá nýju ríkjunum, eftir ríkisfangi

	<u>Fjöldatölur</u>			<u>Hlutfallstölur</u>		
	jan.-sep.			jan.-sep.		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Pólland	2.093	4.623	3.979	54%	68%	74%
Hin nýju ríki ESB	615	1.370	1.055	16%	20%	20%
Önnur Evrópu+USA+Kanæ	493	353	220	13%	5%	4%
Asía	552	348	79	14%	5%	1%
Önnur ríki	138	113	69	4%	2%	1%
Samtals	3.891	6.807	5.402	100%	100%	100%

Tafla 7. Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar frá nýju ríkjunum, eftir kyni

	<u>Fjöldatölur</u>			<u>Hlutfallstölur</u>		
	jan.-sep.			jan.-sep.		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Karlar	2.971	5.441	4.103	78%	80%	76%
Konur	828	1.374	1.326	22%	20%	24%
Samtals	3.799	6.815	5.429	100%	100%	100%

Tafla 8. Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar frá nýju ríkjunum, eftir aldri

	<u>Fjöldatölur</u>			<u>Hlutfallstölur</u>		
	jan.-sep.			jan.-sep.		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
18-29 ára	1.328	2.671	2.558	34%	39%	47%
30-39 ára	1.134	1.898	1.352	29%	28%	25%
40-49 ára	939	1.479	999	24%	22%	18%
50 ára og eldri	468	742	519	12%	11%	10%
Samtals	3.869	6.790	5.428	100%	100%	100%

Tafla 9. Ný tímabundin atvinnuleyfi og skráningar frá nýju ríkjunum, eftir

	<u>Fjöldatölur</u>			<u>Hlutfallstölur</u>		
	jan.-sep.			jan.-sep.		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Höfuðborgarsv.	1.266	3.286	3.160	32%	48%	58%
Landsbyggðin	2.630	3.540	2.276	68%	52%	42%
<i>Par af Austurland</i>	1.560	1.631	634	40%	24%	12%
Samtals	3.896	6.826	5.436	100%	100%	100%

Þessar upplýsingar byggja á ítarlegri greiningu á gögnum um útgefin atvinnuleyfi og skráningum á starfsfólki frá nýju ríkjunum á árunum 2005-2007 og er að finna í excel-skjali á heimasíðu Vinnuálastofnunar og verða eftirleiðis uppfærðar mánaðarlega.